

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2022- 2023

1. Um félagið

Tilgangur Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) er að vinna að bættem kjörum félagsmanna og gæta að réttindum þeirra. Félagið fer með kjarasamningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

KVH er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna (BHM). Félagið er þriðja fjölmennasta aðildarfélag innan bandalagsins.

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Stefan Þór Björnsson, formaður
Sigríður Svavarsdóttir varaformaður/ritari
Helga S. Sigurðardóttir, gjaldkeri
Ingólfur Sveinsson, meðstjórnandi
Guðjón Hlynur Guðmundsson, meðstjórnandi

Varamenn eru Guðmundur Halldór Björnsson, Gunnar Ólafsson og Karl Einarsson.

Skoðunarmenn reikninga eru Magnús Sigurðsson og Jóngeir Hlinason.

2. Almenn starfsemi

Á starfsári stjórnar 2022-2023 voru haldnir 10 stjórnarfundir og var þar fjallað um réttinda- og kjaramál, vinnumarkaðsmál og margvísleg önnur hagsmunamál félagsmanna. Einnig tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum fundum á vegum BHM, einkum vegna kjara- og réttindamála. Þá sat formaður félagsins, Stefán Þór Björnsson, fundi formannaráðs BHM.

Fyrir hönd KVH sátu eftirfarandi í nefndum á vegum BHM á starfsári stjórnar 2022-2023:

Stefán Þór Björnsson formaður lífeyrissjóðshóps BHM,

Jón Geir Hlinason í framboðsnefnd,

Karl Einarsson í kjörnefnd,

Björn Bjarnason í stjórn Orlofssjóðs BHM,

Heiða Björk Jósefsdóttir í stjórn Starfsmenntunarsjóðs BHM og

Baldur Freyr Ólafsson í stjórn styrktarsjóðs BHM.

Vegna kjarasamninga voru skipaðir þrjár samninganefndir.

Formaður samninganefndar KVH við ríkið er Helga S. Sigurðardóttir. Aðrir nefndarmenn eru Stefán Aðalsteinsson, Björn Bjarnason, Birgir Guðjónsson, Gunnar Alexander Ólafsson og Oddgeir Ágúst Ottesen.

Formaður samninganefndar KVH við sveitarfélögin var Birgir Guðjónsson. Aðrir nefndarmenn voru Guðjón Hlynur Guðmundsson, Gunnar Ólafsson, Helga S. Sigurðardóttir, Karl Einarsson og Oddgeir Ágúst Ottesen.

Formaður samningarnefndar KVH við almenna markaðinn (SA) var Oddgeir Ottesen. Aðrir nefndarmenn voru Guðmundur Halldór Björnsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Þór Björnsson og Ingólfur Sveinsson.

Félagsmenn leita oft aðstoðar vegna mála er varða ráðningar og launakjör, áminningar, samskipti á vinnustöðum, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Þessi málaflokkur fer ört vaxandi og vex hann meira en sem nemur fjölgun félagsmanna. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál og tekið þátt í starfshópum innan BHM. Félagið hefur leitað í nokkrum tilvikum leitast fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Í byrjun febrúar 2023 tók Höskuldur Þór Þórhallsson, landsréttarlögmaður, til starfa hjá á skrifstofu Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í 75% starfi. Höskuldur hefur víðtæka reynslu á svið vinnumarkaðar og styrkir skrifstofu KVH mikið á því sviði.

Félagið stendur vel fjárhagslega þrátt fyrir að vera með eitt lægsta félagsgjald stéttarféлага.



Félagsmenn leita oft aðstoðar vegna mála er varða ráðningar og launakjör, áminningar, samskipti á vinnustöðum, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Þessi málaflokkur fer ört vaxandi og vex hann meira en sem nemur fjölgun félagsmanna. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál og tekið þátt í starfshópum innan BHM. Félagið hefur í nokkrum tilvikum leitast fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Í byrjun febrúar 2023 tók Höskuldur Þór Þórhallsson, landsréttarlögmaður, til starfa hjá á skrifstofu Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í 75% starfi. Höskuldur hefur víðtæka reynslu á sviði vinnumarkaðs- og vinnuréttar og styrkir skrifstofu KVH mikið á því sviði.


3. Félagsmenn

Félagsmenn voru 1777 í október 2021 en voru orðnir 1918 á sama tíma árið 2022. Félagsmönnum fjölgaði því um 141 eða 8% á þessum tímabili. Aldrei hefur félagsmönnum fjölgað jafn mikið á einu ári.

FÉLAGSMENN KVH 2010-2022 HLUUTFALL KYNJA (%) VINNUMARKAÐUR (%)



ALDURSDREIFING (%)



MEÐALALDUR (ÁR)



mynd 1 Fjöldi félagsmanna, kynjahlutfall, aldursdreifing o.fl.


Kynjahlutfall og meðalaldur félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um 60% greiðandi félagsmanna en karlar 40%. Meðalaldur fullgildra (greiðandi) félagsmanna er nú 44 ár. Eins og sést af mynd 1 þá störfuðu 57% af félagsmönnum á almennum markaði í lok árs 2022. Það hlutfall hefur aldrei verið hærra. Um 7% félagsmanna starfa hjá sveitarfélögum, öðrum en Reykjavíkurborg og um 4% hjá Reykjavíkurborg, sem eru svipuð hlutföll og á árinu 2021. Hlutfallslega þá hefur félögum sem starfa hjá ríkinu fækkað og atvinnulausum.

Stjórn félagsmanna telur að fjölgun félagsmanna er æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Á þessu starfsári mun félagið leggja aukna áherslu á markaðssetningu og kynningu.

Kjara- stofnanasamningar verður veigamikill þáttur í starfsemi félagsins á næsta starfsári. Kjarasamningar sem gerðir eru á þessu ári eru skammtímasamningar. Vonir standa til þess að verðbólga lækki á þessu ári og gerðir verði langtímasamningar á næsta ári.

4. Kjaramál og samningar

KVH hefur markvisst unnið að því að endurnýja stofnanasamninga sem komnir eru á tíma. Gerð nýrra slíkra samninga tefst oft á tíðum vegna þess að viðkomandi stofnun dregur lappirnar við hefja þá vinnu. Á starfsárinu voru gerðir þrjú nýir samningar við embætti héraðssaksóknara, vinnumálstofnun og Persónuvernd. Í vinnslu eru 5 stofnanasamningar. Hér að aftan má sjá yfirlit um fjölda stofnanasamninga gerðir hafa verið á hverju ári frá árinu 2006.



Framkvæmdastjóri félagsins sat námskeið hjá ríkissáttasemjara um samningatækni og undirbúning kjaraviðræða. Á árinu verða gerðir kjarasamning við ríki, Reykjavíkurborg, Samtök íslenskra sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Rarik. Heildarsamtökin BHM, BSRB og KÍ fóru í viðræður saman við ríki og sveitarfélög í janúar 2023. Þeim viðræðum lauk í 29. mars með drögum að samningum sem aðildarfélögin meta nú og hitta í kjölfarið samninganefndir til að ganga endanlega frá samningum.

5. Rekstur skrifstofu

Oddgeir Ágúst Ottesen tók við sem framkvæmdastjóri Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í mars 2021. Höskuldur Þór Þórhallsson, lrl. hóf störf hjá félaginu 1. febrúar 2023.

Töluverð aukning er í einstaklingsmálum. Félagið hefur stutt við bakið á félagsmönnum þegar reynir á túlkun laga og kjarasamninga vinnumarkaðs- og vinnuréttar.

Borið hefur á því að ríki og sveitarfélög auglýsa oft stöður viðskiptafræðinga og hagfræðinga með vísun í að laun fylgi kjarasamningum ákveðna félaga. Um leið er gerð krafa að nýi starfsmaðurinn gangi í viðkomandi stéttarfélag jafnvel þó starfsmaðurinn óski eftir að vera félagi í KVH. Þar sem um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir kjarafélagið hefur skrifstofa KVH hefur gert skriflega athugasemdir við þetta verklag og er viðbúið að reynt geti á þessi mál fyrir dómi.

Undirbúningur kjarasamninga tók töluverðan tíma hjá tíma starfsmönnum félagsins. Sú vinna mun einnig nýtast við næstu samningar verða aftur lausir eftir eitt ár.

Reykjavík, 31. mars 2022

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Stefán Þór Björnsson, formaður